



Æskulýðsnefnd

Hestamannafélagsins Hornfirðings

Ársskýrsla

Starfsárið 2014-2015

Inngangur

Í vetur urðu ákveðin þáttaskil í starfsemi hestamannafélagsins varðandi æskulýðsstarf. Boðið var upp á reiðnámskeið, á tímabilinu janúar - maí 2015, fyrir börn á grunnskóla-aldrí í reiðhöll Hornfirðings á vegum Snæbjargar Guðmundsdóttur (Snæsu) í samstarfi við Hestamannafélagið Hornfirðing. Námskeiðið var auglýst og kynnt fyrir nemendum í Grunnskóla Hornafjarðar og var það niðurgreitt (frístundakort) eins aðrar íþróttagreinar hjá sveitarfélaginu. Aðsókn var mjög góð og komust færri að en vildu. Alls tóku þátt, 30 krakkar á grunnskólaaldri og námskeiðið var haldið aðra hvora helgi fram í maí. Námskeiðið var bæði verklegt og bóklegt og ætlað fyrir byrjendur og fyrir meira vana. Nemendur höfðu val um að koma með sinn eigin hest eða fá lánaðan hest. Það var gaman að sjá æskulýðsstarfið fara af stað með svo myndarlegum hætti. Aðstaðan í reiðhöllinni er forsenda fyrir slíku starfi yfir vetrarmánuðina, ásamt frábærum leiðbeinanda, en Snæsa ætlar sér að halda áfram með reiðnámskeið á komandi starfsári.

Æskulýðsnefnd Hornfirðings

Eftirfarandi félagsmenn voru kosnir til starfa í nefndinni á aðalfundi félagsins sem haldinn var í nóvember 2014.

- Snæbjörg Guðmundsdóttir, formaður
- Ásmundur Ásmundsson
- Eydís Benediktssdóttir
- Friðrik Hrafn Reynisson
- Helga Margrét Jóhannesdóttir
- Lena Hrönn Marteinsdóttir
- Pálmi Guðmundsson
- Sigrún Harpa Baldursdóttir

Hlutverk æskulýðsnefndar

Nefndin skal halda fyrsta fund starfsársins fyrir 1. desember, hvert ár, skilyrði er að a.m.k. 50% nefndarmanna mæti á fundinn. Þar skal m.a. tekin fyrir áætlun síðustu nefndar um atburði nefndarinnar viðkomandi starfsár.

Æskulýðsnefnd skal að lágmarki sjá um eftirfarandi á hverju starfsári:

- Reiðnámskeið fyrir börn og unglinga í samstarfi við grunnskóla
- Vettvangsferð fyrir börn og unglinga
- Sumarnámskeið Hornfirðings / leikjanámskeið
- Æskulýðsmót / kennsla- og þjálfun fyrir mót
- Uppskeruhátíð / Skemmtanir

Bent skal á að formaður hefur möguleika á að skipta niður á nefndarmenn utanumhaldi um viðburði þar sem ekki er þörf á að allir sjái um hvern viðburð í einu.

Aðrar upptakomur eru sjálfsagðar og til bóta fyrir barnastarfið, s.s. skemmtanir, reiðtúrar, o.fl. Viðburðum ætti að raða niður á árið þannig að þeir séu þó ekki of þétt.

Nefndin skal reka sig áfram á styrkjum og þátttökugjöldum fyrir hvern viðburð. Sækja þarf árlega um styrki frá Sveitarfélaginu Hornafirði og hjá einstaklingum og fyrirtækjum.

Reiðnámskeið

Eins og áður sagði var haldið reiðnámskeið í reiðhöllinni, aðra hvora helgi, á tímabilinu frá janúar - maí, á vegum Snæbjargar Guðmundsdóttur (Snæsu) í samstarfi við hestamannafélagið. Reiðnámskeiðið var hugsað fyrir börn á grunnskólaaldri, bæði fyrir byrjendur og fyrir meira vana. Krökkunum var skipt í fimm hópa og kennslan var bæði verkleg og bókleg. Í hvert skipti voru krakkarnir 2. klst. á námskeiðinu og fengu síðan djús og kaffibrauð í félagsheimilinu að Stekkhól þar sem bóklega kennslan fór fram. Á námskeiðinu var nemendum kennt að umgangast hestinn, kemba, beisla, leggja á ofl. Lögð var áhersla á að krakkarnir gætu sjálf bjargað sér við að hugsa um hestinn. Einnig var lögð áhersla á jafnvægi og stjórnun t.d. ríða berbakt, hindrunarstökk ofl. Farið var í útreiðatúra

og síðan var æfð munsturreið sem var sýnd á lokasýningu nemendanna í maí. Einnig var farið í hesthúsaferð í Borgarhöfn í Suðursveit og krökkunum kennt dagleg umhirða hrossanna, þau fengu að æfa sig í að hringteyma hross ofl.



Lokasýning nemenda á reiðnámskeiði í maí 2015

Þegar komið var að síðustu helgi reiðnámskeiðisins, var haldin tvískipt sýning nemenda fyrir foreldra, systkini, ömmur, afa og önnur skyldmenni. Búið var að æfa ýmis sýningaratriði og frábært var að sjá hversu miklar framfarir höfðu orðið hjá nemendum. Samspil manns og hests var til fyrirmyndar og greinilegt að Snæsa og hennar aðstoðarfólk var búið að vinna frábært starf með unga fólkinu. Í lokin fengu allir nemendur áritað skjal/viðurkenningu fyrir þátttöku í námskeiðinu. Eftir hverja sýningu var ungum áhorfendum boðið á hestbak og teymt undir þeim. Einnig var boðið upp á léttar veitingar, grillaðar pylsur, djús og kaffi fyrir alla viðstadda. Ungu fólkið ljómaði af ánægju og foreldrar og aðrir aðstandendur voru að rifna úr stolti. Segja má að langþráður draumur um reiðskóla, fyrir unga fólkið, hafi verið að rætast hjá hestamannafélaginu.



Félagsmót, pollaflokkur og keppni í barna- og unglingaflokki

Pollaflokkurinn er alltaf vinsæll á Félagsmóti Hornfirðings. Dagskráin á sunnudeginum hófst með kynningu á knöpum framtíðarinnar. Teymt var undir yngstu börnunum og þau fengu verðlaunapening að launum. Sjö þátttakendur voru í pollaflokki að þessu sinni, tveir keppendur í barnaflokki og þrír keppendur í unglingaflokki.



Fjórðungsmót Austurlands, keppni í barna- og unglingaflokki.

Fjórðungsmót var haldið að Stekkhólma upp á Héraði í byrjun júlí og þar kepptu fimm fulltrúar Hornfirðings, allt stelpur, sem stóðu sig mjög vel, og þrjár þeirra lentu í úrslitum.



Lokaorð

Það er mikilvægt í starfi æskulýðsnefndar hestamannafélagsins að hægt sé að benda ungu krökkunum á góðar fyrirmyndir í hópi knapa. Á Félagsmóti Hornfirðings í júní í sumar var Bjarney Jóna Unnsteinsdóttir, valin knapi mótsins. Á eftirminnilegan hátt sigraði hún A-flokk á Fjórðungsmóti Austurlands á Héraði. Í framhaldi af því var hún tilnefnd sem gæðingaknapi ársins á uppskeruhátíð hestamanna sem haldin verður þann 7. nóvember n.k. Bjarney Jóna er frábær fyrirmynd fyrir unga fólkið hjá Hornfirðingi. Hún hefur með dugnaði og eljusemi náð langt í hestamennsku, hefur keppt í barna-, unglinga-, ungmenna-, og nú í fullorðinsflokki fyrir Hornfirðing á hinum ýmsu mótum frá því hún hóf þátttöku í keppni. Bjarney stundar nú nám í hestafræðum við Háskólann á Hólum.

"Maður uppsker eins og maður sáir"

